

29.
maí

Vortónleikar Kvennakórs Akureyrar



Laugarborg, uppstigningardag 29. maí 2014 kl. 15:00

Stjórnandi og undirleikari: Daníel Þorsteinsson

Kvennakór Akureyrar

Kvennakór Akureyrar var stofnaður á vordögum 2001. Í kórnum starfa að jafnaði um 60 konur frá Akureyri og nærsveitum. Fyrsti stjórnandi Kvennakórsins var Björn Leifsson, en hann stjórnaði kórnum til 2003 þegar Þórhildur Örvarsdóttir tók við. Arnór Vilbergsson stjórnaði kórnum frá 2005 til 2008, en Jan Alavere var með kórinn haustönnina 2008. Stjórnandi frá því í janúar 2009 er Daníel Þorsteinsson. Frá haustinu 2011 er formaður kórsins Una Þórey Sigurðardóttir.

Kórinn heldur um það bil þrenna tónleika á ári og tekur auk þess að sér að syngja við hvers kyns tækifæri. Lagaval kórsins er fjölbreytt, gamalt og nýtt, íslenskt og erlent og við allra hæfi.

Kórinn hefur þrisvar lagt land undir fót og farið utan, fyrst til Slóveníu, svo til Eistlands og til Gimli í Kanada þar sem hann tók þátt í Íslendingadeginum.

Undanfarin þrjú ár hefur kórinn unnið að undirbúningi fyrir Landsmót íslenskra kvennakóra, sem haldið var með glæsibrag í byrjun maí.

Daníel Þorsteinsson

Daníel Þorsteinsson píanóleikari er fæddur í Neskaupstað og hóf þar sitt tónlistarnám. Hann lauk burtfarar- og píanókennaraprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar 1986 og stundaði framhaldsnám við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam, þaðan sem hann lauk prófi árið 1993. Daníel hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi um árabil, komið fram sem einleikari m.a. með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands sem og í samleik með einsöngvurum og smærri tónlistarhópum; auk þess sem hann hefur haldið námskeið í píanóleik, bæði hér á landi og á Spáni. Hann er félagi í Caput og hefur haldið tónleika með hópnum víða í Evrópu auk Norður-Ameríku og Asíu. Daníel hefur og samið og útsett tónlist s.s. fyrir leikhús, kóra og einsöngvara og leikið inn á fjölda hljómdiska tónlist af ýmsu tagi. Daníel var tilnefndur bæjarlistamaður á Akureyri árið 2000, býr nú í Eyjafjarðarsveit og gegnir m.a. starfi organista við Laugalandsprestakall í Eyjafirði.

Efnisskrá

Bátssöngur

Ljóð: Egill Bjarnason

Lag: J. Offenbach

Úts.: Max Spicker

Betlikerlingin

Ljóð: Gestur Pálsson

Lag: Sigvaldi S. Kaldalóns

Úts.: Jan Morávek

Weep, o mine eyes

Madrigal

Lag: John Bennet

Radds. fyrir kvennakór: Jakob Tryggvason

Now is the month of maying

Lag: Thomas Morley

Uti vår hage

Sænsk þjóðvísa

Úts. fyrir kvennakór: Jan Åke Hillerud

Kom natt

Ljóð: Ingrid Sjöstrand

Lag: Hillevi Dahl

Eatnemen vuelie (Söngur jarðar)

Ljóð: Frode Fjellheim og Matthías

Jochumsson

Lag: Frode Fjellheim & Þjóðlag frá

Schlesíu

Norskur þrileikur

Norskar þjóðvísur og þjóðlög

Úts.: Margaret King

God morgen Ola Reppo

Ned i vester soli glader

Ljóð: Anders Hoven.

Einsöngur: Hólmfríður Þorsteinsdóttir

Ekorn gjekk på vollen og slo

Vor í Garði

Landsmótslag á landsmóti Gígjunnar,
sambands íslenskra kvennakóra, 2014

Ljóð: Jakobína Sigurðardóttir

Lag: Hugl Guðmundsson

You've got a friend

Lag og ljóð: Carole King

Úts.: Daníel Þorsteinsson

God only knows

Lag og ljóð: The Beach Boys

Úts.: Daníel Þorsteinsson



Sprettur - Inn

PIZZA - VÍDEÓ ☎ 4 64 64 64

KAUPANGI - AKUREYRI - ÖPÍÐ ALLA DAGA KL. 11:30 - 23:30

Tvær stjörnur

Lag og ljóð: Megas

Tíminn flýgur áfram og hann teymir mig á eftir sér
en ekki fæ ég miklu ráðið um það hvert hann fer
en ég vona bara að hann hugsi svolítið hlýlega til mín
og leiði mig á endanum aftur til þín.

Ég gaf þér forðum keðju úr gulli um hálsinn þinn,
svo gleymdir þú mér ekki í dagsins amstri nokkurt sinn.
Í augunum þínum svörtu horfði ég á sjálfan mig um hríð
og ég vonaði að ég fengi bara að vera þar alla tíð.

Það er margt sem angrar en ekki er það þó biðin
því ég sé það fyrst á rykinu, hve langur tími er liðinn
og ég skrifa þar eitthvað með fingrinum sem skiptir öllu máli.
Því að nóttin mín er dimm og ein og dagurinn á báli.

Já, og andlitið þitt málað, hve ég man það alltaf skýrt,
augnlínur og bleikar varir, brosið svo hýrt.
Jú, ég veit vel að ókeypis er allt það sem er best,
en svo þarf ég að greiða dýru verði það sem er verst.

Ég sakna þín í birtingu að hafa þig ekki við hlið mér,
og ég sakna þín á daginn þegar sólin brosir við mér,
Og ég sakna þín á kvöldin þegar dimman dettur á,
en ég sakna þín mest á nóttunni þegar svipirnir fara á stjá.

Svo lít ég upp og sé við erum saman þarna tvær
stjörnur á blárri festingunni sem færast nær og nær.
Ég man þig þegar augu mín eru opin hverja stund
en þegar ég nú legg þau aftur hverf ég á þinn fund.